

Fljótshálsa
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
10. maí 2013 <i>8.14.2</i>	
Tilv.	_____



Akureyri, 3. maí 2013
Tilvísun: UST20121000162/gsa


Staðfesting á úrbótum móttekin - máli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dags. 23. ágúst 2012, þar sem fjallað er um tvö frávik frá starfsleyfi, sem komu fram við reglubundið eftirlit hjá urðunarstað úrgangs í Tjarnarlandi, Fljótshálsa þann 29. maí sl., er varðar að ekki var læsanlegt hlið til að varna vegfarendum inngöngu inn á svæðið. Einnig var ógirt bil á girðingu við hlið rúlluhliðs og að urðunarrein fyrir grófan úrgang hafði ekki verið hulin en samkvæmt starfsleyfi skal hylja urðunarreinar samdægurs.

Rekstraraðili sendi inn upplýsingar með bréfi til Umhverfisráðuneytisins þann 5. mars 2013 þar sem fram kemur að bætt hafi verið úr báðum þessum frávikum. Umhverfisstofnun bendir þó að að þessar upplýsingar hefðu átt að berast stofnuninni beint á netfangið ust@ust.is þar sem Umhverfisstofnunin fer með þau mál er varðar frávik í starfsleyfum.

Hér með staðfestist að urðunarstaður úrgangs í Tjarnarlandi, Fljótshálsa hefur bætt úr þeim frávikum sem kom fram við reglubundið eftirlit ársins 2012 og verður ekkert aðhafst frekar í þessu máli.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur